

Ár 2016, fimmtudaginn 16. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands.

II.

Kjararáð hefur haft launakjör ráðuneytisstjóra til skoðunar. Af því tilefni var ráðuneytisstjórum með bréfum dagsettum 10. apríl 2013 gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu kynnu að fylgja, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfum dagsettum sama dag var ráðherrum gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfi ráðuneytisstjóra kynnu að fylgja, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um kjararáð. Einnig var óskað eftir afriti af erindisbréfi ráðuneytisstjóra, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Með bréfi dagsettu sama dag var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 25. apríl 2013 segir að í úrskurði kjaranefndar um laun ráðuneytisstjóra frá árinu 1999 hafi kjaranefnd ákveðið að í launabætti ákvörðunarinnar skyldi það megin sjónarmið lagt til grundvallar að eðlilegt væri að ráðuneytisstjórar gengju næst ráðherrum að launum. Síðan hafi tveir úrskurðir verið kveðnir sérstaklega upp varðandi laun og önnur starfskjör ráðuneytisstjóra og séu þeir frá 29. september 2003 og 3. maí 2005. Þeir úrskurðir hafi aðeins tekið til launahækkunar ráðuneytisstjóra. Frá þessum tíma hafi orðið miklar breytingar á bæði skipan ráðuneyta og verkefnum ráðuneytisstjóra meðal annars með fækkun ráðuneyta. Í bréfinu kemur fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort taka skuli launakjör ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands til skoðunar.

Kjararáði bárust bréf flestra ráðuneyta eða eftir atvikum ráðherra í apríl og maí 2013 þar sem gerð er grein fyrir starfsemi ráðuneytanna og starfi ráðuneytisstjóra. Bréfunum fylgdu erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra. Í bréfi forsætisráðuneytisins dagsettu 30. apríl 2013 segir að forsætisráðuneytið hafi að ósk annarra ráðuneyta tekið saman almennar upplýsingar um hlutverk Stjórnarráðsins og ráðuneytisstjóra. Einnig er þar fjallað sérstaklega um hlutverk og verkefni ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins. Þá fylgdi bréfinu leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Í bréfi forsætisráðuneytisins segir að ráðuneyti sé hluti af Stjórnarráði Íslands, skrifstofa ráðherra og æðsta stjórnvald framkvæmdarvaldsins á sínu málefnasviði og ráðuneytisstjórar leiði og stýri starfi ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra. Um sex hundruð manns starfi nú í átta ráðuneytum og starfsmenn ríkisstofnana séu um 16.500 í 192 stofnunum. Stjórnarsýslan þurfi að uppfylla og framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum og lagafyrirmælum á sama hátt og hjá mun fjölmennari þjóðum. Ítrekað hafi komið fram í umsögnum alþjóðlegra aðila, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópusambandsins, að íslensk stjórnarsýsla sé traust, faglega sterk, öflug og skilvirk, þrátt fyrir þá staðreynd að starfsmenn stjórnarsýslunnar hér á landi séu

hlutfallslega mun færri en í flestum öðrum vestrænum ríkjum sem við berum okkur saman við. Þekkt sé að íslenskri stjórnarsýslu beri á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að vinna að innleiðingu á umtalsverðum hluta af gerðum Evrópu-sambandsins, svo dæmi sé tekið, og ráðuneytisstjórar taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á mörgum sviðum og beri hver og einn ábyrgð á mun fleiri málaflokkum sem fjallað sé um á þeim vettvangi en erlendir starfsbræður þeirra.

Í bréfinu segir að skipulag ráðuneyta hafi breyst, ekki síst á undanförunum árum, og til hafi orðið stærri og öflugri ráðuneyti en áður, með fjölbreyttari, margþættari og þar með flóknari verkefni. Hlutverk ráðuneytisstjóra sem stjórnenda og leiðtoga á viðkomandi málefnasviðum séu því viðameiri en þau hafi áður verið og verkefni sem varði skipulag, starfsmannahald og faglega forystu umfangsmeiri. Ábyrgð ráðuneytisstjóra sé rík bæði gagnvart starfsemi ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra og starfið og verkefnið afar krefjandi í síbreytilegu umhverfi þar sem lagalegar skyldur ráðuneyta og ráðuneytisstjóra séu víðtækar, meðal annars á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012, laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og siðareglna fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands, auk sérлага sem kveði á um skyldur á málefnasviðum sem undir ráðuneytin heyri samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna hverju sinni.

Fram kemur að Stjórnarráð Íslands hafi á undanförunum árum gengið í gegnum gagngerar breytingar og endurskoðun bæði að því er varði heildarskipulag og vinnubrögð. Við þær breytingar hafi meðal annars verið litið til vinnubragða og skipulags á öðrum Norðurlöndum og þá meðal annars í Danmörku, auk þess sem tekið hafi verið tillit til skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og þingsályktunartillögu þingmannanefndar sem falið var að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Í nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 sé kveðið á um lögbundin verkefni innan Stjórnarráðsins, þar á meðal hlutverk ráðherra og ráðuneytisstjóra, og innleiddar mikilvægar breytingar sem miði fyrst og fremst að því að bæta störf og starfshætti ráðherra, ríkisstjórna og stjórnarsýslu Stjórnarráðs Íslands almennt.

Þá segir einnig í bréfi forsætisráðuneytisins að mikilvægt sé að æðsta stjórnarsýsla ríkisins, Stjórnarráð Íslands, dragi lærdóm af því sem úrskaiðis hafi farið í aðdraganda hrunsins og vinni að því að styrkja sig, ekki einungis með lagabreytingum og reglusetningu heldur einnig með breytingum á innra starfi ráðuneyta og stofnana. Hafi það verið gert með markvissum hætti. Aukin áhersla hafi verið lögð á samvinnu, samhæfingu og samráð á milli stjórnvalda sem starfa að skyldum verkefnum. Í nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands sé í fyrsta sinn kveðið með almennum hætti á um stjórnunar- og eftirlitsskyldur ráðherra með lægra settum stjórnvöldum og sjálfstæðum stjórnvöldum og jafnframt með eignum ríkisins, en þessar skyldur hafi hingað til byggst á ólögfestum meginreglum. Með lögfestingu þessara ákvæða sé gert ráð fyrir að vægi þeirra og gildi verði skýrara í störfum ráðuneyta og lögfesting þeirra tryggi fremur en ella að stjórnvöld axli þær skyldur sem í reglunum felist. Aukið eftirlit leiði eðli málsins samkvæmt til aukins álags á stjórnarsýslu ráðuneytanna. Loks séu í nýjum Stjórnarráðslögum ýmsar breytingar sem lúti að starfsmannahaldi og mannauðsmálum ráðuneyta. Í leiðbeinandi erindisbréfum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, sé kveðið ítarlega á um ábyrgð, hlutverk og verkefni ráðuneytisstjóra. Þar komi fram almenn atriði en að auki sé kveðið á um sérstök verkefni í erindisbréfum hvers ráðuneytis fyrir sig.

Kjararáði bárust bréf frá sjö ráðuneytisstjórum í apríl og maí 2013. Í bréfunum kemur fram að álag hafi aukist mikið, skipulag ráðuneyta hafi breyst verulega og ábyrgð ráðuneytisstjóra aukist. Með markvissum hætti hafi verið unnið að breytingum á innra starfi ráðuneyta og stofnana. Aukin áhersla sé á samvinnu, samhæfingu og samráð á milli stjórnvalda sem starfi að skyldum verkefnum. Þá er í bréfunum rakin starfsemi og verkefni

hvers ráðuneytis. Einnig er gerð grein fyrir forystu- og samræmingarhlutverki forsætisráðuneytisins. Þá er sérstaða utanríkisráðuneytisins dregin fram. Fram kemur að vinnutími ráðuneytisstjóra sé almennt langur auk þess sem þeir séu í raun á sífelltri bakvakt.

Með bréfi dagsettu 11. ágúst 2013 fengu ráðuneytisstjórar send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og bréf viðkomandi fagráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

Kjararáði barst sameiginlegt bréf allra ráðuneytisstjóra dagsett 2. mars 2016. Í bréfinu segir að fullyrða megi að umfang starfa ráðuneytisstjóra, breitt ábyrgðarsvið og viðamikil verkefni eigi sér ekki hliðstæðu í íslensku stjórnkerfi. Daglega taki ráðuneytisstjórar samfélagslegar ákvarðanir sem varði alla þjóðfélagshópa og hafi áhrif á réttindi og skyldur almennings í margvíslegum skilningi. Ráðuneytisstjórar veiti jafnframt á degi hverjum allan ársins hring leiðbeiningar og ráðgjöf til ráðherra og forstöðumanna allra stofnana hér á landi. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins beri jafnframt ábyrgð á starfsemi ríkisráðs Íslands sem skipað sé ráðherrum og forseta Íslands sem hafi þar forsæti. Í bréfinu kemur einnig fram að kveðið sé sérstaklega á um hlutverk ráðuneytisstjóra í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 og í leiðbeinandi erindisbréfi fyrir ráðuneytisstjóra sem forsætisráðuneytið hafi gefið út á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Fram kemur að ráðuneytisstjórar séu skipaðir að fengnu mati sérstakrar hæfnisnefndar samkvæmt 19. gr. sömu laga.

Í bréfinu segir jafnframt að ábyrgð ráðuneytisstjóra sé rík bæði gagnvart starfsemi ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyri og starfið og verkefnið afar krefjandi í síbreytilegu umhverfi þar sem lagalegar skyldur ráðuneyta og ráðuneytisstjóra séu víðtækar. Þá segir í bréfinu að ekki þurfi að fjölyrða um það að ráðuneytisstjórar beri víðtæka ábyrgð á fjármálum ríkisins, en samanlögð útgjöld sem falli undir ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands séu um 700 milljarðar króna. Einnig kemur fram að það heyri til undantekninga að ráðuneytisstjórar geti tekið að sér launuð verkefni sem ekki teljist hluti af aðalstarfi þeirra. Ábyrgð ráðuneytisstjóra í þeim löndum sem við berum okkur einkum saman við, svo sem á Norðurlöndum, endurspeglar mun betur í kjörum þeirra en í kjörum ráðuneytisstjóra hér á landi. Samkvæmt bréfinu er það mat ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands að launakjör þeirra séu óásættanleg þegar horft sé til innbyrðis samræmis og stöðu ráðuneytisstjóra innan stjórnkerfisins. Ráðuneyti sé hluti af Stjórnarráði Íslands og æðsta stjórnvald framkvæmdarvaldsins á sínu málefna sviði og ráðuneytisstjórar leiði starf ráðuneyta og stýri því. Í dag starfi rúmlega sex hundruð manns í átta ráðuneytum og ríkisstarfsmenn, þ.e. starfsmenn ríkisstofnana, séu hátt í 17.000 í yfir 190 stofnunum. Skipulag ráðuneyta hafi breyst, ekki síst á undanförunum árum og til hafi orðið stærri og öflugri ráðuneyti en áður með fjölbreyttari, margþættari og þar með flóknari verkefni. Á sama tíma hafi ráðuneytisstjórum fækkað. Hlutverk ráðuneytisstjóra sem stjórnenda og leiðtoga á viðkomandi málefna sviðum sé því víðameira en áður og verkefni sem varði skipulag, starfsmannahald og faglegra forystu hafi jafnframt orðið umfangsmeiri. Þá megi einnig geta þess að starfsumhverfi ráðherra og ráðuneyta sé í daglegu kastljósi fjölmiðla og ráðuneytisstjórar vinni nánast daglega að upplýsingagjöf til fjölmiðla og Alþingis. Kjararáð hafi ekki áður fjallað sérstaklega heildstætt um kjör þessa fámenna hóps sem búi samkvæmt gildandi lögum einungis við fimm ára skipun í embætti í senn. Í bréfinu er vakin sérstök athygli á þeirri staðreynd í samanburði við hæstaréttardómara sem búi við mun tryggara starfsumhverfi með ævilangri skipun í embætti. Með vísan til alls framangreinds sem og til ákvörðunar kjararáðs um laun og starfskjör dómara telji ráðuneytisstjórar hafið yfir allan vafa að umfang, ábyrgð og eðli starfa þessa fámenna hóps æðstu embættismanna hér á landi beri að virða að fullu til samræmis við störf hæstaréttardómara.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis kom á fund kjararáðs 15. október 2013, 18. maí 2015 og 16. febrúar 2016 og gerði nánari grein fyrir breytingum á starfsemi og skipulagi Stjórnarráðs Íslands.

III.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 mynda ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra Stjórnarráð Íslands. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Eitt af markmiðum frumvarps þess sem varð að nefndum lögum um Stjórnarráð Íslands var að auka sveigjanleika framkvæmdarvaldsins til þess að skipuleggja starfsemi sína. Það auðveldi Stjórnarráðinu að laga sig að breyttum þörfum og áherslum við pólitíska stefnumörkun sem aftur ýti undir skilvirkari undirbúning stjórnarframkvæmdar í hverjum málaflokki.

Ráðuneyti eru ekki talin upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands en ákveða skal fjölda þeirra og heiti með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Áður en forsetaúrskurður er gefinn út skal lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti nr. 99/2012, skiptist Stjórnarráð Íslands nú í ráðuneyti sem hér segir: Forsætisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands heyrja stjórnarmálefni undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra, sbr. nú forsetaúrskurð nr. 71/2013, með síðari breytingum. Segir jafnframt í lögnum að við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta skuli þess jafnan gætt að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti að eðlislík stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti.

Í lögum um Stjórnarráð Íslands er kveðið á um lögbundin verkefni innan Stjórnarráðs Íslands, hlutverk ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra og innleiddar breytingar sem miða að því að bæta störf og starfshætti ráðherra, ríkisstjórna og stjórnsýslu Stjórnarráðsins. Í lögnum er forsætisráðuneytinu falið sérstakt forystu- og samræmingarhlutverk, verkstjórnarvald og frumkvæðisskylda. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Sérstakur kafli er í lögnum um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna og skal forsætisráðherra staðfesta siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins, sbr. nú siðareglur nr. 410/2012. Með lögnum voru einnig gerðar ýmsar breytingar sem lúta að starfsmannahaldi og mannauðsmálum ráðuneyta. Má þar nefna að ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefnda og setja skal ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

Ráðuneytisstjóri er embættismaður, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og er forstöðumaður í skilningi sömu laga. Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins skal jafnframt því embætti gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

Ráðherra skipuleggur ráðuneyti sitt með því að skipta því upp í skrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill störfum ráðuneytisstjóra. Staðgengill ráðuneytisstjóra skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Að öðru leyti fer um skipulag ráðuneyta eftir ákvörðun ráðuneytisstjóra enda er ráðuneytisstjóri æðsti faglegi embættismaður ráðuneytis.

Í leiðbeinandi erindisbréfi fyrir ráðuneytisstjóra, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, segir að ráðuneytisstjóri leiði ráðuneytis og stýri því undir yfirstjórn ráðherra og stuðli að faglegri og metnaðarfullri starfsemi þess. Þar segir einnig að hlutverk ráðuneytisstjóra sé í aðalatriðum tvíþætt: Annars vegar að vera ráðherra til fulltingis við undirbúning löggjafar og mótun stefnu og hins vegar að sjá um rétta framkvæmd þeirra ákvarðana sem liggja fyrir í lögum eða með öðrum gildum hætti. Einnig segir að ráðuneytisstjóri skuli stuðla að vönduðum undirbúningi stjórnarathafna með faglegum leiðbeiningum og upplýsingum til ráðherra. Þá skal hann tryggja samfellu og stöðugleika í stjórnsýslu ráðuneytisins og leggja áherslu á góða stjórnsýslu. Ráðuneytisstjóri stuðlar að því að ráðherra geti rækt embættisskyldur sínar í samræmi við stjórnarskrá, lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, þar með talið stjórnunar- og eftirlitsheimildir. Hann skal stuðla að því að ráðherra njóti faglegrar ráðgjafar í stefnumótun og ákvarðanatöku og gæta að samhæfingu innan málefnasviða ráðuneytisins sem og við önnur ráðuneyti. Þá skal hann leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneytisins við vinnu annarra ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Ráðuneytisstjóri vinnur að undirbúningi lagafrumvarpa, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla í samráði við ráðherra. Hann ber ábyrgð á að stefna ráðherra í einstökum málum komist til skila við meðferð verkefna á hverjum tíma. Ráðuneytisstjóri skal stýra ráðuneytinu í samræmi við þetta og annað sem kveðið er á um í erindisbréfinu.

Ráðuneytisstjóri skipuleggur innra starf ráðuneytisins og gerir tillögu til ráðherra um skiptingu þess í skrifstofur. Skrifstofustjórar starfa undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra sem setur þeim erindisbréf. Ráðuneytisstjóri framkvæmir vald ráðherra sem forstöðumaður samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann er í fyrirsvári gagnvart starfsmönnum ráðuneytisins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur, sbr. 2. mgr. 51. gr. sömu laga. Ráðuneytisstjóri sér til þess að starfsmönnum séu kynnt þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem um störf þeirra gilda. Hann setur nauðsynlegar verklagsreglur og sér til þess að þær séu kynntar starfsmönnum. Ráðuneytisstjóri vinnur að eflingu mannauðs í ráðuneytinu, hvetur starfsmenn til vandvirkni og stuðlar að því að þeir séu virkir í starfi. Þá skal hann stuðla að góðu upplýsingastreymi og samskiptum innan ráðuneytisins.

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum ráðuneytisins og safnliða þess og á því að lagðar séu fram áætlanir um rekstur og starfsemi ráðuneytisins í samræmi við ákvæði laga þar að lútandi. Hann ber ábyrgð á gerð ársreiknings fyrir ráðuneyti og að gerðar séu aðrar skýrslur sem lög mæla fyrir um. Ráðuneytisstjóri stuðlar að viðhaldi trausts og góðra tengsla við stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Hann stuðlar jafnframt að virkum samskiptum og samhæfingu milli stofnana og ráðuneytis. Ráðuneytisstjóri stýrir eftirliti með starfsemi og fjárreiðum stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Hann skal sjá til þess að stofnanir hlíti lögum og sérstökum fyrirmælum og leiðbeiningum um starfsemi sína, sbr. IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands.

Ráðuneytisstjóri skal vinna að viðhaldi trausts og góðra tengsla við Alþingi, stofnanir þess, önnur ráðuneyti, hagsmunaaðila og fjölmiðla. Ennfremur skal hann sinna sameiginlegum verkefnum allra ráðuneyta. Ráðuneytisstjóri vinnur að stefnumótun og framgangi stefnumörkunar ríkisstjórnar og ráðherra í samstarfi við ráðherra, starfsmenn ráðuneytis og hagsmunaaðila eftir því sem við á og stuðlar að því að réttum og greinargóðum upplýsingum um ráðuneytið og verkefni þess á hverjum tíma sé miðlað til almennings og stofnana. Ráðuneytisstjóri kemur fram fyrir hönd ráðherra og ráðuneytis eftir því sem við á. Hann skal gæta þess að farið sé að lögum sem um Stjórnarráðið og stjórnsýsluna gilda, svo sem lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um jafna stöðu

og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, siðareglum fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins nr. 410/2012 og öðrum lögum og reglum sem um starfsemi ráðuneyta gilda. Tekið er fram í erindisbréfinu að lýsing á starfssviði og starfsskyldum sé ekki tæmandi og beri ráðuneytisstjóra að sinna tilfallandi verkefnum sem honum eru falin af ráðherra innan þeirra marka sem lög kveða á um.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið sérstaka ákvörðun um laun ráðuneytisstjóra en kjaranefnd ákvað þeim síðast laun 3. maí 2005. Frá þeim tíma hafa laun ráðuneytisstjóra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Fram hefur komið að skipulag og lagaumgjörð Stjórnarráðs Íslands hefur breyst á undanförunum árum. Einnig hefur komið fram að ráðuneyti eru ekki talin upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands en fjöldi þeirra og heiti skal ákveðinn með forsetaúrskurði samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Fjöldi ráðuneyta og skipulag þeirra getur því breyst frá einum tíma til annars. Frá því síðast var úrskurðað sérstaklega um laun ráðuneytisstjóra hefur ráðuneytum fækkað úr tólf í átta en þau eru nú almennt stærri en áður. Verkefni Stjórnarráðsins eru þó síst umfangsminni eða færri og auknar kröfur eru nú gerðar til stjórnarsýslunnar um fagmennsku, skilvirkni og gegnsæi. Ráðuneytisstjórar eru æðstu embættismenn ráðuneytanna og samkvæmt fyrrgreindum erindisbréfum forstöðumenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þeir stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra og bera ábyrgð á daglegu starfi ráðuneytanna og fjárreiðum auk þess að koma fram fyrir hönd viðkomandi ráðherra þegar svo háttar. Við ákvörðun launakjara ráðuneytisstjóra er höfð hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á starfsemi Stjórnarráðs Íslands auk þess sem tekið er mið af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ráðuneytisstjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skal greiða ráðuneytisstjórum í Stjórnarráði Íslands mánaðarlaun og einingar fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir eins og hér segir:

Mánaðarlaun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 146, nú 1.339.043 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun annarra ráðuneytisstjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 145, nú 1.294.693 krónur. Að auki skal greiða þeim 45 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ráðuneytisstjóra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber